

KJARVAL

25% afsláttur

1889 KR. KG
SS CajP's lærissneiðar

25% afsláttur

1671 KR. KG
SS CajP's lambatvirrifjur

25% afsláttur

1341 KR. KG
SS mexico grísakótilettur

398 KR. PK.
Grillborgari með brauði 4stk

40% afsláttur

1769 KR. KG.
Móa kjúklingabringur

499 KR. PK.
Þykkvabæjar plokkskur

199 KR. STH.
Kartöflusalat með lauk og graslauk

369 KR. PK.
Kellogg's Just Right 500 g

399 KR. KG.
Úmber rauð

139 KR. STH.
Sprite zero 2 l

299 KR. STH.
Kjarvals gulrótar- og súkkulaðikökur

1995 KR. STK.
Waves háþurrka 2000W

1995 KR. STK.
Waves sléttujárn

99 KR. STK.
Extra uppuottalögur

259 KR. PK.
BKI kaffi extra 400 g

348 KR. PK.
BKI Cappuccino dós

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Aðalfundur

Bjs.Víkverja verður haldinn
föstudaginn 18.apríl.

Nánar auglýst síðar.
Stjórnin

Auglýsendur vinsaml. athugið

Vitanum seinkar um einn dag í næstu viku, þ.e. verður unninn á miðvikudeginum 16. apríl og kemur út fimmtudaginn 17. apríl, þurfa auglýsingar að vera komnar fyrir kl. 9 á miðvikudeginum.

Ekki vitum við annað á þessari stundu en að hann haldi sinni áætlun síðan, þ.e. útkoma samkv. venju á miðvikudögum
Útg.

Starfsfólk óskast

Upplýsingar í síma 8672389
Æsa, Norður-Vík

Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmedferð.

Verð á Klaustri dagana
12. og 13. apríl
(laugardag og sunnudag)



Áhugasamir pantið tíma í
síma 587-2999 eða 866-0474.
Sigrún Inga

Tannlæknir á Heilsugæslunni á Kirkjubæjarklaustri

Sæbjörn Guðmundsson
tannlæknir verður á
heilsugæslunni á Klaustri
14.-16. apríl 2008.

Tímapantanir eru
í síma 551 0699.

www.sko.barnaland.is

VITINN á www.sudurland.net

15. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 9. APRÍL 2008



Skaftárhreppur auglýsir fræðslufund um byggðaðróun, landnýtingu og skipulagsmál

Atvinnumálanefnd Skaftárhrepps mun standa fyrir opnum fræðslufundi á Geirlandi miðvikudagskvöldið 9. apríl klukkan 20:00.

Fengnir hafa verið þeir Torfi Jóhannesson verkefnisstjóri vaxtarsamnings Vesturlands og Sigurður Ingi Jóhannsson oddviti Hrunamannahrepps til að fjalla um efnið : "Byggðaðróun og landnýting í tengslum við gerð aðalskipulags sveitarfélaga".

Búast má við skemmtilegum og fróðlegum erindum og eru menn hvattir til að mæta og taka þátt í umræðum.

Atvinnumálanefnd
Skaftárhrepps

Aðalfundur Félags sauðfjárbænda í Vestur-Skaftafellssýslu...

... verður haldinn á Geirlandi fimmtudaginn 17. apríl nk kl. 20:30.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundastörf. Sigurður Eyþórsson framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda mætir á fundinn. Hann verður með fréttir af aðalfundi LS, ræðir markaðsmálin o.fl. Kaffiveitingar í boði félagsins.

Hvetjum sauðfjárbændur til að fjölmenna á fundinn.
Nýir félagar sérstaklega velkomnir.

Stjórnin

Starfsfólk óskast

Til ræstinga í versluninni Kjarval Vík
Uppl. í síma 822 7048



Firmakeppni Sindra.

Firmakeppni Sindra verður haldinn á Sindravelli **laugardaginn 12. apríl kl 14.**

(ef veðurspá ER óhagstæð verður skoðað að flytja mótið í Skálakot).

Skráning hefst klukkustund fyrr og einnig hægt að skrá sig í netfangið solheimar2@simnet.is

Kept verður í: polla- barna- unglinga- kvenna- karla og unghrossaflokki.

Fylgist með á Sindrasíðunni ef breytingar verða á.

Einnig minnum við á Kvennareið með Karlana laugardaginn 19. apríl Mótanefnd.

PRJÓNAKAFFIHÚS

Síðasta prjónakaffihús vetrarins verður á Halldórskaffi **fimmtudaginn 10. apríl kl. 20:30**

Nú mæta allir og sem fyrr verða prjónarnir aukaatriði
Tökum bara góða skapið með.
(ath þetta er ekki bara fyrir stelpur strákarinnir mega koma líka)

Sjáumst sem flest
Kvenfélag Hvammshrepps


Klukkurím

Klukkan eitt eta feitt.
Klukkan tvö baula bö.
Klukkan þrjú mjólka kú.

Klukkan fjögur kveða bögur.
Klukkan fimm segja bimm.
Klukkan sex borða kex.
Klukkan sjö segja ö.

Klukkan átta fara að háttu.
Klukkan níu veiða kríu.
Klukkan tíu kyssa píu.
Klukkan ellefu flytja kellingu.

Klukkan tólf ganga um gólf



Aðalfundur

Hestamannafélagsins Kóps!

Minum á aðalfund Hestamannafélagsins Kóps sem haldinn verður
sunnudagskvöldið 13. apríl n.k. á Geirlandi kl. 20:30.



Venjuleg aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir.
Hittumst hress og kát á aðalfundi.
Kaffi í boði félagsins.

Stjórn Kóps

Hestamannafélagið Sindri auglýsir



KVENNAREIÐ "með karlana"

*Nú er komið að þessari árvissu, ómissandi ferð.
Verður hún að þessu sinni farin laugardaginn 19. apríl nk.*

Nánari upplýsingar og skráning fer fram hjá eftirtöldum og skal skráningu
ljúka eigi síðar enn mánudaginn 14. apríl nk.
HJÖRDÍS RUT SÍMI 487 1494 / 861 0294
SIGGA LÓA SÍMI 487 8959 / 8983541

Með von um góða þátttöku,
F.H. hestamannafélagsins Sindra
Ferða og fræðslunefnd.

Verðhrun

stendur til 19. apríl

m.a. kvenfatnaður, stórar stærðir

Klakkur ehf. Smiðjuvegi 9 Vík

FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

433. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps,
haldinn þriðjudaginn 1. apríl 2008 kl. 17:00
á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.
Fundinn átt að halda 27. mars en var frestað
vegna veðurs.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn
sveitarstjórnar ásamt Ólafi Steinari
Björnssyni sem mæti í stað Elfnar
Einarsdóttur. Sveitarstjóri ritaði fundarg-
erðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur
Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá
síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 6. fundar atvinnumálanefnd-
ar frá 4. mars 2008.

A fundinum var rætt um Markaðsstofu
Suðurlands og mælir nefndin með þátttöku í
verkefninu. Einnig fór Victor Berg yfir
verkefni sem hann hefur unnið að.

Fundargerðin samþykkt.

Sveitarstjórn felur atvinnumálanefnd að
fylgja eftir fram komnum hugmyndum um
kynningu og markaðssetningu með aðstoð
sveitarstjóra.

2. Fundargerð 147. fundar skipulags- og
byggingarnefndar frá 4. mars 2008.

Fundargerðin samþykkt.

B-listinn leggur fram bókun varðandi lið 4 í
fundargerðinni:

*B-listinn mótmælir vinnubrögðum skipu-
lags- og byggingarfulltrúa við framkvæmd
innra skipulags í áhaldahúsi. B-listinn leg-
gur til að öllum framkvæmdum við húsið sé
frestað nú þegar, gerð verði nákvæm kostn-
aðaráætlun fyrir framkvæmdum við húsið
og allir notendur og hagsmunaaðilar verði
kallaðir til fundar. B-listinn telur vafasamt
að gamla fjósið í Suður-Vík sé vegna aldurs
og ástands hæft til þeirrar fjölnota starf-*

*semi sem þar er ætlað að vera, horfa verði
til framtíðar við uppbyggingu aðstöðu fyrir
þessa starfsemi og hún eigi heima á hent-
ugri stað í þorpinu þar sem t.d.
lögreglustöð gæti haft aðsetur líka. Þá
bendir B-listinn á að bílastæði fyrir leik-
skólann og fyrir fjölnota starfsemi í gamla
fjósinu í Suður-Vík sé algerlega óviðun-
andi.*

KP, ÓSB.

D-listinn leggur fram bókun varðandi lið 6 í
fundargerðinni:

*Vinna við fyrsta aðalskipulag
Mýrdalshrepps hófst með fundi
sveitarstjórnar, skipulags- og byggingar-
nefndar með skipulagsráðgjafa 16. mars
2002. Tillaga að aðalskipulagi var tilbúin
til lokaafgreiðslu á haustmánuðum 2005 og
hafði þá vinna við tillöguna tekið rúm 3 ár.
Í maí 2005 samþykkti sveitarstjórn hins
vegar að ný veglína um jarðgöng gegnum
Reynisfjall verði sett inn á aðalskipulags-
tillögu. Þetta er grundvallarbreyting á fyrri
tillögu og auk þess að endurgera greinar-
gerð og uppdrætti þurfti að byrja samráðs-
og kynningarferli upp á nýtt þar sem m.a.
hefur ítrekað verið leitað álits
Vegagerðarinnar. Nú tæpum 3 árum síðar
liggur aftur fyrir tillaga tilbúin til að senda
í lögformlegt umsagnarferli. Skipulags- og
byggingarnefnd hefur hins vegar ákveðið
að leita lögfræðilíts áður en lengra verður
haldið og einnig samþykkt að krefjast þess
að Vegagerðin leggi fram formlega tillögu
að veglínunni.*

SP, ÞJ, BJ.

3. Fundargerð 148. fundar skipulags- og
byggingarnefndar frá 18. mars 2008.

Á fundinn mættu Kjartan Þorkelsson
lögreglustjóri og Sveinn Kristján Rúnarsson
yfirlögregluþjónn og kynntu þeir breyting-
artillögu við umferðarskipulag í Vík en

Mýrdalshreppur hafði með bréfi dags. 7. ágúst 2007 óskað eftir að lögreglustjóri ákveði að hámarkshraði á Hringvegi 1 gegnum Vík og á öllum götum kaup-
túnsins verði færður niður í 35 km/klst.

Nefndin samþykkti umferðarskipulagið með breytingum lögreglustjóra sem eru þær að á Hringvegi (1) um Vík verði hámarkshraði 35 km/klst. milli Suðurvíkurvegar og Klettsvegar en 50 km/klst. annars. Hámarkshraði um aðrar götur innan Víkur verði 35 km/klst. Einstefna verði til suðurs á Sundlaugarbraut sunnan Mánabrautar. Fundargerðin samþykkt.

4. Fundargerð 149. fundar fræðslunefndar frá 11. mars 2008.

Fundargerðin samþykkt.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf stjórnar Búnaðarféлага Hvamms-
hrepps og Dyrhólahrepps dags. 28. febrúar 2008.

Með bréfinu skora stjórnir félaganna á sveitarstjórn að koma á banni við lausagöngu hunda í afréttar- og heiðarlöndum í sveitarfélaginu og með því standa vörð um beitarlönd bænda.

Sveitarstjórn þakkar erindið og bendir á að ákvæði sem eiga að koma til móts við þessi sjónarmið eru í fyrirbyggjandi drögum að samþykkt um hunda- og katta-
hald.

2. Bréf kennara við Grunnskóla Mýrdals-
hrepps dags. 10. mars 2008.

Karl vekur athygli á vanhæfi sínu og vikur af fundi.

Með bréfinu skora kennarar grunnskólans á sveitarstjórn að fylgja fordæmi sveitar-
féлага á höfuðborgarsvæðinu og greiða grunnskólakennurum sérstaklega vegna aukins álags í starfi.

Gildandi kjarasamningur milli Launanefndar sveitarféлага og Kennara-

sambands Íslands átti að renna út 31. desember 2007 en var framlengdur til loka maí 2008 með samkomulagi sem gert var 8. mars 2007. Í samkomulaginu var einnig gert ráð fyrir eingreiðslu, launahækkun og launaflokksbreytingu til viðbótar við samninginn. Kjaraviðræður milli Launanefndar og Kennarasambandsins standa nú yfir og telur sveitarstjórn rétt að bíða eftir niðurstöðum þeirra viðræðna áður en afstaða verður tekin til sérstakra álagsgreiðslna.

Karl kemur inn á fundinn.

3. Bréf Einars Einarssonar og Sigurbjargar Tracy dags. 24. mars 2008.

Samkvæmt yfirlandskiptagerð fyrir jarðirnar umhverfis Pétursey frá 25. apríl 1978 er kollur Péturseyjar í óskiptri sameign jarðanna. Fyrri niðurstaða sveitarstjórnar þar sem ósk um niðurfellingu fjallskila vegna fjárfjöldu er hafn-
að stendur því óbreytt.

Samþykkt með 4 atkvæðum (SP, ÞJ, BJ, KP). Ólafur situr hjá.

4. Bréf Markaðsstofu Suðurlands dags. 27. febrúar 2008.

Með bréfinu er ítrekað fyrra erindi Markaðsstofunnar þar sem óskað er eftir að Mýrdalshreppur geri samstarfsamning við stofuna til þriggja ára. Óskað er eftir fjárframlögum sem nemur 500 kr. pr. íbúa sveitarfélagsins árlega á samnings-
tímanum.

Afgreiðslu frestað þar til afgreiðsla stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands liggur fyrir sbr. fundargerð stjórnar SASS frá 5. mars s.l.

5. Bréf Sýslumannsins í Vík dags. 11. febrúar 2008.

Óskað er umsagnar vegna fyrirhugaðra leyfisveitinga til reksturs gististaðar í flokki II á Klettsvegi 1 og 3 og til veitingarreksturs í flokki II í Víkurskála.

Fyrirlestur

Hugo Þórisson sálfræðingur verður með fyrirlestur
mánudaginn **14 apríl kl. 20:00 í Kirkjubæjarskóla á Síðu.**

Fyrirlesturinn er sérstaklega ætlaður nemendum 7-10 bekkjar, foreldrum/forráðamönnum þeirra, ömmum, öfum og öllum þeim sem áhuga hafa. Hvetjum einnig kennara og annað starfsfólk skólans til að mæta.

Styrktaraðilum þakkaður stuðningurinn en þeir eru Kvenfélag Kirkjubæjarhrepps, Kvenfélagið Framtíð, Kvenfélagið Hvöt og FÁS.

Foreldrafélag og foreldraráð Kirkjubæjarskóla á Síðu.

Álftir valda skaða á raflínum

Að undanförn hefur verið nokkur óregla á rafmagni hér í Mýrdalnum. Þó keyrði um þverbak 3ja klst. rafmagnsleysi í gærkvöldi (mánudagskv.) En þá fór rafmagnið af rétt fyrir hálsjö og kom ekki aftur fyrir en um hálf tíu. Aðalbilunin að þessu sinni var skammt frá Hólum í Landeyjum, þar sem strengur brann í sundur í tenginu.

Orsakir þessarar tíðu rafmangstruflana eru í flestum tilfellum flug álfta á línurnar, sem þá keyrast saman og brenna sundur ef öryggi slá ekki út.

Þótt rafmagnsrof sé aldrei skemmtilegt tekur þó útyfir fyrir kúabændur ef rafmagn fer í miðjum mjöltum.

Nú stendur fyrir dyrum að leggja í jörð raflínu á Hvolabæi og eins að Steig. Stöðugt er unnið að því að fækka loftlínum en leggja þess í stað þrífasa strengi í jörð. E.

Spakmæli

Sá sem kemur aftur er aldrei sá sami og fór. **Sú er** ástin heitust sem bundin er meinum, er því best að unna ekki neinum.

Að kveldi skal dag lofa.

Hver vegur að heiman er vegur heim.

Það þarf ekki nema einn gikk í hverri veiðistöð.

Deilur milli sannra vina, sannra elskenda kemur ekki að sök. Geigvænlegt er aðeins ósætti þeirra sem ekki skilja hvor annan.

Það sem þú átt í vasanum er ekki mikilsvert, eingöngu það sem þú átt í hjarta þínu!

Sá sem þekkir takmörk sín, og gæfu sinnar mun njóta hennar ævilangt. En sá sem eltist við villuljós eigin hvata, hrapar á endanum í tómið.

Náðu tindinum á þínu fjalli, þá skal ég gleðjast með þér!!

Það er gott fyrir mig að vera ég, það er gott fyrir þig að vera þú. En það er best fyrir okkur að vera við!!!

Oft er í holti heyrandi nær og gettu hver ég er

Eignarhaldsfélags Suðurlands föstu-
daginn 11. apríl 2008.

Samþykkt að Sveinn fari til fundarins í
umboði Mýrdalshrepps.

IV. Efni lagt fram til kynningar:

1. Fundargerð 8. fundar félagsmálanefn-
dar frá 27. febrúar 2008.

2. Fundargerðir 19. 20. og 21. fundar
barnaverndarnefndar frá 21/1, 13/2 og
25/2 2008.

3. Fundargerð 411. fundar stjórnar SASS
frá 15. febrúar 2008.

4. Fundargerð aukaaðalfundar SASS frá
15. febrúar 2008.

5. Fundargerð aukaaðalfundar AÐS frá 15.
febrúar 2008.

6. Fundargerð 412. fundar stjórnar SASS
frá 5. mars 2008.

7. Fundargerð 272. fundar stjórnar
Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 15.
febrúar 2008.

8. Fundargerð 273. fundar stjórnar
Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 18.
febrúar 2008.

9. Fundargerð 106. fundar heilbrigðis-
nefndar Suðurlands frá 19. febrúar 2008.

10. Bréf umhverfisráðuneytis dags.
5. febrúar 2008.

11. Skólamálastefna Sambands
íslenskra sveitarfélaga.

12. Bréf Skipulagsstofnunar dags.
21. febrúar 2008.

Fram kemur að stofnunin hefur samþykkt
að hækka mótframlag vegna aðalskipu-
lagsgerðar um 2 millj. kr.

13. Bréf Húsafriðunarnefndar dags.
18. mars 2008.

Fram kemur að framlög húsafriðunarsjóðs
til endurbyggingar Skaftfellingsskemmu á
árinu verður 2 millj. kr. og til undirbún-
ings endurbyggingar Halldórsverslunar 1
millj. kr.

14. Bréf Hive dags. 5. mars 2008.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið kl. 22:30

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Björgvin
Jóhannesson varaoddviti, Ólafur S.
Björnsson, Sveinn Pálsson sveitarstjóri,
Karl Pálmason.

Löggufréttir

Í vikunni voru 21 teknir fyrir að aka of
hratt í umdæminu Hvolsvöllur, en sá sem
hraðast ók var á 140 km hraða. Þrír óku á
yfir 130 km hraða þar sem 90 km hraði er
leyfður. Tvær bílveltur voru á laugar-
daginn í nágrenni Kirkjubæjarklausturs og
er ökumaður í öðru tilvikinu grunaður um
að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum
áfengis. Engin slys urðu á fólki í þessum
veltum. Tveir eru grunaðir um að hafa ekið
undir áhrifum áfengis þessa vikuna í
umdæminu.

Kartöfluball var haldið í Þykkvabæ og var
fjölmenn á ballinu. Fór allt mjög vel fram
að því að best er vitað og engar kærur hafa
borist vegna líkamsárása þessa vikuna.

Mikill sinubruni var við Hallgeirsey og er
talið að brunnið hafi um 20 til 30 hektarar.
Nú fer fuglavarpið að byrja og því þarf að
hafa það í huga. Sinubruni er háður leyfi
yfirvalda og þrátt fyrir að leyfi sé fyrir
hendi getur eldurinn farið úr böndum.

Ég vil beina þeim tilmælum til ökumanna,
bifreiða, bifhjóla og annarra vegfaranda
að þeir fari varlega í umferðinni og hafi í
huga að eitt andartak í umferðinni getur
orðið það síðasta ef ekki er gætt varúðar.
Nú eru eigendur bifhjóla að dusta rykið af
hjólunum. Farið öll varlega og gætið
ykkar!

*Tekið saman af Guðmundi Inga Ingasyni
varðstjóra, Kirkjubæjarklaustri*

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við
útgáfu leyfanna.

6. Bréf Landgræðslu ríkisins dags. 25. mars
2008.

Landgræðslan upplýsir að fyrir liggja frum-
drög héraðsáætlunar sem hefur að mark-
miði að leggja mat á ástand núverandi
gróðurs og jarðvegs. Landgræðsla býður
upp á kynningu á áætluninni og óskar eftir
að sveitarstjórn tilnefni tengilið varðandi
áframhaldandi samskipti.

Sveitarstjórn tilnefndir sveitarstjóra sem
tengilið.

III. Málafni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Ársreikningur Mýrdalshrepps 2007,
fyrri umræða.

Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi
kemur á fundinn og kynnir reikninginn.

Fyrir liggur ársreikningur Mýrdalshrepps
fyrir árið 2007, undirritaður af
endurskoðanda og skoðunarmönnum.
Samkvæmt ársreikningnum námu rekstrar-
tekjur samstæðunnar 298,2 millj. kr.
Rekstrargjöld með afskriftum námu 252,5
millj. kr. og fjármagnsgjöld voru neikvæð
um 14 millj. kr. Rekstarniðurstaða sam-
stæðu er því jákvæð um 32 millj. kr.
Langtímaskuldir eru 148 millj. kr. og
lækkuðu um 5,5 millj. kr. milli ára.
Lífeyrisskuldbindingar hækkuðu hins
vegar um 6,5 millj. kr. Skuldir og skuld-
bindingar nema því 233,3 millj. kr. með
næsta árs afborgunum langtímalána.

Ársreikningi 2007 vísað til seinni umræðu.
2. Ársreikningur Hjallatúns 2007, fyrri
umræða.

Vísað til rekstrarnefndar og seinni umræðu.
3. Dyrhólaey.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps fagnar því að
Umhverfisstofnun hafi nú auglýst eftir
landverði til starfa á Dyrhólaey á komandi
sumri og minnir á bókun sína frá 27. apríl
2007 þar sem skorað er á Umhverfisstofnun

að virða rétt almennings til umgengni um
landið í lögmætum tilgangi sbr. III. kafla
laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og
tryggja að opið sé upp á Háey alla daga þó
aðgengi um önnur svæði verði stýrt yfir
viðkvæmasta tímann.

Sveitarstjórn hvetur jafnframt Vegagerðina
til að standa betur að umsjón og viðhaldi
vegarins út á Dyrhólaey og um Eyna.

4. Samþykkt um hundahald, seinni
umræða.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög
með áorðnum breytingum.

5. Samstarfssamningur við Ungmenna-
félagið Kötlu.

Fyrirbyggjandi drög að samningi samþykkt
með 4 atkvæðum (SP, ÞJ, BJ, ÓSB). Karl
situr hjá.

6. Skólamál.

D-listinn leggur fram eftirfarandi tillögu:
*Sveitarstjórn samþykkir að setja af stað
undirbúning þess að sameina leik- grunn-
og tónskóla í eina stofnun undir einum
stjórnanda. Samþykkt að leita til
Atvinnuþróunarfélags Suðurlands um að
leiða vinnuna með aðstoð Skólaskrifstofu
Suðurlands og Kennaraháskóla Íslands.
Samráð skal haft við fræðslunefnd, stjórn-
endur og starfsfólk leik-, grunn-, og tón-
skóla, foreldraráð og foreldrafélög.*

Samþykkt með 3 atkvæðum (SP, ÞJ, BJ)
gegn tveimur (KP, ÓSB).

B-listinn leggur fram bókun:

*B-listinn telur skólustarf í Mýrdalshreppi
vera með ágætum. Í skólunum þremur star-
far öflugur og stöðugur hópur fagfólks.
Menntun og starfsumhverfi barna sveitar-
félagsins á alltaf að vera forgangs mál og
sátt og friður um skólustarf er börnum,
foreldrum og starfsfólki fyrir bestu.*

*Fulltrúar B-listans telja að áður en farið sé
út í svo veigamiklar breytingar á skóla-*

haldi sveitarfélagsins þurfa að byrja á því að kynna hugmyndirnar fyrir fagfólki og foreldrum. Jafnframt þurfi að skoða gaumgæfilega hver fjárhagslegur ávinningur sveitarfélagsins verður. B-listinn sér ekki hvaða faglegu forsendur liggja á bak við þessa hugmynd D-listans né hversu dýr þessi áform eru í framkvæmd. Jafnframt að frekari niðurskurður á fjárveitingum til skólanna bitni á þeim sem þjónustuna þiggja.

B-listinn telur það vonda stjórnslu þegar naumur meirihluti sveitarstjórnar í litlu sveitarfélagi ætli sér að keyra svona stórt mál áfram án nokkurs samráðs við minnihlutann eða aðila málsins. Þá benda fulltrúar B-listans á að samrekstur af því tagi sem D-listinn boðar er ekki heimill samkvæmt núverandi lögum um grunn- og leikskóla og því tillagan á engan hátt tímabær.

B-listinn útrekar fyrri hugmyndir um að leikskóli sveitarfélagsins verði byggður upp við hlið grunnskólans og nær væri að hefjast handa við þessa uppbyggingu í samstarfi við starfsfólk skólanna nú þegar. Slík uppbygging myndi skapa afar góð tækifæri til samvinnu þessara stofnanna.

B-listinn leggur fram tillögu:

Sveitarstjórn samþykkir að hefja undirbúningsvinnu við byggingu leikskóla við hlið grunnskólans. Sveitarstjórn skipi nefnd til að fylgja þessu máli eftir.

Tillagan felld með 3 atkvæðum (SP, ÞJ, BJ) gegn tveimur (KP, ÓSB).

D-listinn óskar eftir fundarhléi.

D-listinn leggur fram bókun:

D-listinn telur að bygging nýs leikskóla sé ekki forgangsmál á kjörtímabilinu,

löngu tímabærar gatna- og hol-ræsaframkvæmdir og uppbygging húsnæðis fyrir eldri borgara er framár stefnuskránni. Bygging nýs leikskóla kemur vel til greina þegar til lengri tíma er litið, sérstaklega þegar horft er til þess að skólarnir verði samreknir.

Í skýrslu sem unnin var af ÞRÍ-ráðgjöfum fyrir Mýrdalshrepp um samrekstur grunn- leik- og tónskóla og gefin út í maí 2007 kemur fram sú tillaga að skólarnir verði sameinaðir með einum yfirstjórnanda. Skýrslan var kynnt fyrir fræðslunefnd, sveitarstjórn, stjórnendum og kennurum skólanna skömmu eftir að hún kom út. Skýrsluhöfundar gera það að tillögu sinni að skólarnir í Mýrdalshreppi verði sameinaðir og með því móti styrkist enn frekar það metnaðarfulla skólastarf sem fyrir er í Mýrdalshreppi, á sama tíma og rekstur skólanna verður hagkvæmari.

Menntamálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvörp til laga um leik- og grunnskóla, þar sem sveitarfélögum er heimilt að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólustjóra. Skal stjórnandi slíkrar stofnunar hafa leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi. Hinn samreknir skóli skal starfa að öðru leyti samkvæmt lögum um viðkomandi skólastig. Ákvæðið er einkum tilkomið vegna skólalahalds í dreifbýli.

Við gerð frumvarpanna hafa hagsmunir barna og ungmenna verið hafðir að leiðarljósi. Leitast er við að auka möguleika þeirra til menntunar og þroska og tryggja velferð þeirra og öryggi eins og framast er kostur. Enn fremur er að því stefnt að efla skólana svo að þeir geti komið til móts við þarfir og áhuga sérhvers nemanda og gert honum kleift að njóta hæfileika sinna til fulls.

Tillaga D-listans miðar fyrst og fremst að því að auka samvinnu á milli skólastiga og auka skilvirkni í öllu skólastarfinu.

7. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Boðað hefur verið til aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf föstudaginn 4. apríl 2008. Samþykkt að Sveinn fari til fundarins í umboði Mýrdalshrepps.

8. Málefni Víkurdeildar RKÍ.

Á aðalfundi Víkurdeildar Rauða kross Íslands 20. febrúar s.l. var kynnt að aðalfundur Rauða kross Íslands árið 2009 verði haldinn í Vík. Sveitarstjórn fagnar þessum áformum og tekur jákvætt í að ljá afnot af húsnæði sveitarfélagsins til fundarhaldanna og bjóða til hádegisverðar.

Á fundinum 20. febrúar s.l. kynnti sveitarstjóri áform um endurbyggingu þjónustustöðvar sveitarfélagsins þar sem gert er ráð fyrir nýju húsnæði fyrir sjúkrabíl RKÍ.

9. Umsagnir um þingmál.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að umsögn um frumvörp til skipulagslaga, mannvirkjalaga og til breytinga á lögum brunavarnar.

10. Ketilsstaðaskóli.

Fyrir liggja drög að leigusamningi. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

11. Atvinnumál.

B-listinn leggur fram tillögu ásamt greinargerð:

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir fundi með þingmönnum Suðurlands um atvinnumál í sveitarfélaginu. Á þingmannafundi sem haldinn var síðastliðið haust með sveitarstjórn Mýrdalshrepps, tóku þingmenn og ráðherra kjördæmisins mjög jákvætt í að skoða hugmyndir um að störf á vegum hins opinbera verði flutt til Víkur.

Tillagan samþykkt.

Greinargerð B-lista:

Atvinnulíf í sveitarfélaginu er einhæft og stendur allri uppbyggingu fyrir þrifum. Í ljósi fækkunar íbúa í sveitarfélaginu er nauðsynlegt að sveitarstjórn bregðist við og leiti allra leiða til að snúa vörn í sókn. Ljóst er að flutningur á opinberum störfum til Víkur yrði mikil lyftistöng fyrir sveitarfélagið.

D-listinn leggur fram bókun:

Unnið er að ýmsum hugmyndum um styrkingu atvinnulífs í Mýrdal. Þar má nefna hugmyndir um Kötlusetur og aðsetur Náttúrufræðistofnunar auk verkefna tengdum Vaxtarsamningi Suðurlands svo sem menningarstofnun, uppbyggingu göngu-leiða og markaðsmálum sbr. lið I-1. Frumskilyrði til árangurs er að heimamenn móti hugmyndir, þá má gera ráð fyrir stuðningi þingmanna.

12. Orkumál.

B-listinn leggur fram tillögu:

Sveitarstjórn samþykkir að vinnuhópur um orkumál í sveitarfélaginu sem skipaður var í nóvember 2006 og hefur einungis fundað einu sinni taki nú þegar til starfa og skili því hlutverki sem honum er ætlað.

Tillagan samþykkt.

D-listinn leggur fram bókun.

Vinnuhópur um orkumál hefur komið tvisvar saman frá því að hann var skipaður. Á öðrum fundi vinnuhópsins var samþykkt að fara af stað með rannsóknarverkefni sem annars vegar snýr að jarðfræðikortlagningu og hins vegar hagkvæmnikönnun á hitaveitu sem byggist á 40°C heitu vatni. Sótt hefur verið í Orkusjóð til verkefnisins og umsóknin nýlega endurnýjuð. Búast má við niðurstöðum á vormánuðum.

13. Eignarhaldsfélag Suðurlands.

Boðað hefur verið til aðalfundar